

34. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins miðvikudaginn 12. október 2011, kl.17:00

Mætt: Siggeir Stefánsson oddviti, Ævar Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Reimar Sigurjónsson, Indriði Þóroddsson, Gunnólfur Lárusson og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 29.09.2011

Fundargerðin lögð fram til kynningar

Sveitarstjóri lagði fram bréf vegna 6. liðar fundargerðarinnar, Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags, dagsett 5. október 2011. Sveitarstjórn fellst ekki á rök þau sem færð eru fram í bréfinu og er umsókninni því hafnað.

Samþykkt samhljóða

2. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 06.10.2011

Fundargerðin samþykkt samhljóða

3. Fundargerð stjórnar Eypings, dags. 12.07.2011

Lögð fram til kynningar

4. Fundargerð stjórnar Eypings, dags. 07.09.2011

Lögð fram til kynningar

5. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- Sveitarstjóri fór yfir símafund sem hann, ásamt oddvita, átti með fjárlaganefnd Alþingis 12. október sl.
- Sveitarstjóri lagði fram bréf sem barst 27. september sl. frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem nefndin minnir á bréf sem öllum sveitarstjórnarmönnum var sent í júní í fyrra. Með bréfinu eru ársreikningar allra sveitarfélaga á landinu.

6. Undirskriftalisti vegna ráðstöfunar byggðarkvóta

Lagður fram til kynningar

Nokkur umræða fór fram um fram um byggðarkvóta.

7. Tölvupóstur frá Þekkingarneti Þingeyinga, dags. 06.10.2011

Á stjórnarfundum Þekkingarnets Þingeyinga var eftirfarandi fært til bóunnar:

„Stjórn kynnti sér nýtt húsnæði Menntasetursins á Þórshöfn, en fundur stjórnar er haldinn í kennslustofu setursins.

Ályktun:

“Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga lýsir sérstakri ánægju með framgang Menntasetursins á Þórshöfn og þá metnaðafullu starfsemi sem þar fer fram. Stjórn vill koma á framfæri þökkum til sveitarfélagsins Langanesbyggðar, sem sýnir verkefninu afar mikilvægan stuðning í verki með því að leggja því til húsnaði. Áframhaldandi gott samstarf menntastofnananna tveggja, ÞÞ og FL, við sveitarfélagið um þetta mikilvæga samfélagsverkefni mun án efa verða verkefninu og byggðinni til eflingar í framtíðinni.”“

8. Leikskólinn Barnaból.

Sveitarstjóri fór yfir tilboð í hljóðeinangrandi gólfefni og loftplötur til að setja upp á Stekk í því skyni að dempa hávaða og bæta þar með starfsumhverfi leikskólabarna og starfsfólks.

Sveitarstjóra falið að vinna að málinu, áætla heildarkostnað við verkið og kynna fyrir sveitarstjórn eins fljótt og auðið er.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.